

Lagt fram á aðalfundi:

Vátryggingafélags Íslands hf.
kt. 690689-2009
Ármúla 3, 108 Reykjavík

Haldinn þann 22. mars 2018.

Yfirlýsing stjórnar

samkvæmt 2. og 3. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. („VÍS“), kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að skuldir félagsins við lánardrottna eru því ekki til fyrirstöðu að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.223.497.541 að nafnverði í kr. 2.202.642.307 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 20.855.234 sé þannig eytt, sbr. 1. tl. 3. mgr. 54. gr. laga um hlutafélög. Lækkunin hefur ekki áhrif á aðra hluti í félaginu en eigin hluti félagsins. Kröfuhafar félagsins munu ekki biða tjón af lækkun hlutafjárins.

Nánnar vísast til endurskoðaðs ársreiknings félagsins fyrir árið 2017 og þeirra tilkynninga sem sendar hafa verið til Aðalmarkaðar gegnum Kauphöll Íslands.

Reykjavík, 28. febrúar 2017.

Þannig staðfest af stjórn:



Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir
stjórnarformaður



Helga Hlín Hákonardóttir
varaformaður



Gestur Breiðfjörð Geirsson
meðstjórnandi



Valdimar Svavarsson
meðstjórnandi

Yfirlýsing endurskoðanda samkvæmt 2. og 3. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög

Undirritaðir endurskoðendur Vátryggingafélags Íslands hf. staðfesta hér með að ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að framangreind yfirlýsing stjórnar félagsins sé rétt. Varðandi breytingar á efnahag félagsins á yfirstandandi rekstrarári vísast til fyrirliggjandi árshlutauppgjors og staðfestingar stjórnar um efnahag félagsins.

Reykjavík, 28. febrúar 2018.

KPMG ehf.



Ræmundur Valdimarsson
endurskoðandi



Sigríður Soffía Sigurðardóttir
endurskoðandi